



Skýrsla Æskulýðsnefndar Skugga





Skýrsla Æskulýðsnefndar Skugga

Æskulýðsnefnd Skugga

Margrét Eggertsdóttir

Ásberg Jónsson

Rúnar Karl Jónsson

Sigurður Einar Stefánsson

Halldóra Harðardóttir

Í Hestamannafélaginu Skugga eru um 40 – 50 börn, unglingar og ungmenni sem taka þátt í því starfi sem æskulýðsnefnd býður upp á.

Í ár voru Hestamannafélögin Skuggi og Faxi í samstarfi og ákveðið var að vera með almennt reiðnámskeið og keppnisnámskeið saman fyrir þeirra félaga í vetur.

Í janúar byrjuðu Skuggafélagar að skipuleggja starf vetrarins. Einnig funduðu Æskulýðsnefndir Skugga og Faxe saman og skipulögðu samstarfið.

Knapamerki

Grunnskólinn í Borgarnesi og Hestamannafélagið Skuggi hafa verið í samstarfi með knapamerki. Bóklegi hlutinn er kenndur í skólanum að hausti og Skuggi sér um verklega hlutann sem byrjar fljótlega eftir áramót. Í vetur var kennt knapamerki 1, 2 og 4. Kennari var Heiða Dís Fjeldsted.

Í vor útskrifuðust 7 unglingar úr knapamerki 1, 6 unglingar úr knapamerki 2 og 8 unglingar/ungmennir úr knapamerki 4.

Almennt reiðnámskeið



Hestamannafélögin Skuggi og Faxi héldu þetta námskeið saman. Námskeiðið var fyrir börn, unglinga og ungmenni. Mikil aðsókn var á það, þar af voru 17 börn/unglingar frá Skugga á aldrinum 5-16 ára og 4 ungmenni. Námskeiðið var kennt 3 helgar, laugardag og sunnudag og fékk hver einstaklingur 2 tíma hverja helgi. Skipt var niður í hópa eftir aldri og getu. Á þessu námskeiði var farið í undirstöðuatriðin og gerðar ýmsar fimi- og jafnvægisæfingar inni í reiðhöll, einnig var farið í stutta reiðtúra um nágrennið. Síðasta daginn var farið í reiðtúr upp í Lund þar sem grillaðar voru pylsur. Ungmennin voru 1 sinni í viku í 6 vikur, þar var lögð áhersla á fimiafingar og fyrir mót var farið yfir keppnisprógramm. Kennari á námskeiðinu var Heiða Dís Fjeldsted.





Keppnisnámskeið
Keppnisnámskeiðið var
einnig í samstarfi



Hestamannafélaganna Skugga og Faxa. Þetta námskeið var fyrir vanari félaga með áherslu á keppnisþjálfun. Kennt var 4 helgar á laugardögum í hópatímum 4-5 saman og á sunnudögum í einstaklingstímum. Námskeiðið sóttu 16 börn, unglingar og ungmenni frá Skugga. Kennari á námskeiðinu var Sigvaldi Lárus Guðmundsson. Hann fylgdi síðan krökkunum á þau mót sem voru í sumar eins og á Fjórðungsmótið á Kaldármelum.

Ferð á meistaradeildina Ölfushöll

Fimmtudaginn 14. mars var boðið upp á ferð á meistaradeildina, en henni var aflýst vegna dræmrar þátttöku.

Fjölskyldureiðtúr

Fimmtudaginn 9. maí (uppstigningardag) skelltu Skuggafélagar sér í fjölskyldureiðtúr. Þátttaka var ekki mikil þar sem veðurspá var ekki góð, en það rættist úr veðrinu og gekk allt vel. Um það bil 15 manns á öllum aldri mættu í reiðtúrinn og var riðið upp í Einkannir að Skilkletti þar sem var stoppað í góðan tíma og síðan riðið til baka heim. Eftir reiðtúrinn var boðið upp á kaffi og súkkulaðiköku í félagsheimili Skugga.

Rattleikur

Laugardaginn 27. apríl var farið í hinn árlega rattleik á hestbaki. Skipt var í lið og þurftu liðin að ríða á stöðvar og leysa hinar ýmsu þrautir á sem bestum tíma. Á hverri stöð var einn bókstafur sem liðin áttu að safna og vísbending hvert ætti að fara næst. Þrautirnar sem þau áttu að leysa voru t.d. að ríða þrautabraut, teikna mynd, negla skeifu á spýtu og semja brandara og vísu. Á meðan liðin voru í leiknum áttu þau að raða saman stöfunum og finna rétta orðið. Eftir rattleikinn var komið saman í félagsheimili Skugga þar sem grillaðar voru pylsur og veitt verðlaun, en þau voru veitt fyrir besta tímann, bestu myndina og bestu vísuna.

Verðlaunin gáfu Arion banki, Sjóvá, Knapinn og Kaupfélag Borgfirðinga. Þökkum við þeim kærlega fyrir styrkinn.



Rattleikur





Fjórðungsmót á Kaldármelum

Skýrsla Æskulýðsnefndar Skugga

Þann 25. maí var gæðinga- og úrtökumót Faxe og Skugga haldið. Efstu þátttakendurnir unnu sér rétt á Fjórðungsmótið á Kaldármelum. Þar áttum við marga frábæra fulltrúa yngri kynslóðarinnar sem náðu góðum árangri og margir þeirra komust á verðlaunapall.



á Atlas

Arna Hrönn á Bíld
frá Dalsmynni

Ísólfur á Frigg
frá Leirulæk



Goða
ek

Guðrún Gróa á Blesa
frá Hvítárvöllum

Önnur mót

Æskan okkar hefur verið mjög dugleg að taka þátt í mótum bæði hér



Skýrsla Æskulýðsnefndar Skugga

heima og einnig hafa þau sótt mót annað. Helstu mót sem þau hafa tekið þátt í eru KB mótaröðin, Íþróttamót Faxe og Skugga, Gæðinga og úrtökumót Faxe og Skugga, Vetrarmót Grana á Miðfossu, Vetrarleikar Glaðs og Hestaþing Glaðs í Búðardal, einnig tóku þau þátt í mótum á Hvammstanga og á Akranesi svo eitthvað sé upp talið. Á flestum þessum mótum hafa þau náð góðum árangri og má þar meðal annars þakka því að þau hafa aðgang að reiðhöllinni Faxaborg í Borgarnesi sem hefur nýst þeim vel til undirbúnings fyrir þessi mót.

Sumarferð unglunga

Sumarferðin var farin helgina 10.-11. ágúst. Farið var upp í Lambafell (gangnamannakofa Álfthreppinga). Lagt var af stað úr hesthúsaþverfi Skugga um kl. 13 þann 10. ágúst. Riðið var vestur að Langá og áfram upp með henni inn Grenjadal og var komið í kofann seinnipart dags. Þar var grillað og haft gaman. Á sunnudeginum þegar búið var að athuga með skeifur og annað var langt af stað heim um kl 13. Ákveðið var að lengja aðeins heimleiðina með því að fara niður Hraundal og þaðan heim.

Í ferðinni voru 6 unglingar ásamt 2 fararstjórum.



Þorlákur Magnús Hansen Níelsson eigandi Kræsinga í Borgarnesi styrkti krakkana með grillkjöti og þökkum við honum kærlega fyrir styrkinn.

Youth Camp 2013

Ein stúlka Guðbjörg Halldórsdóttir úr Skugga tók þátt í Youth Camp sem haldið var í Noregi 21.-

Hestamannafélagið til að taka þátt í ferðinni.



28. júlí.

Skuggi styrkti hana



Lokaorð

Starfið í Æskulýðsnefnd hefur verið fróðlegt og skemmtilegt. Að fylgjast með börnunum sem eru að stíga sín fyrstu skref í hestamennsku og allt upp í þau sem lengra eru komin er gaman og gefandi. Við hjá

Hestamannafélaginu Skugga leggjum mikla áherslu á að allir aldurshópar fái eitthvað við sitt hæfi og einnig höfum við viðburði þar sem fjölskyldan sameinast. Við þökkum börnum, foreldrum, kennurum og öllum þeim sem tóku þátt í starfi okkar í vetur fyrir gott samstarf og fyrir að gera starfið svona skemmtilegt.

Eins og fram hefur komið vorum við í samstarfi við Hestamannafélagið Faxe í fyrsta skipti og gekk það samstarf vel. Við viljum þakka Faxe kærlega fyrir samstarfið í vetur.

F.h. Æskulýðsnefndar

Margrét Eggertsdóttir